

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015: Rökstuðningur dómnefndar

DANMÖRK

Stille hjerte

Meistaralega gerð og listilega leikin mynd. Leikstjórinn Bille August og handritshöfundurinn Christian Torpe hlýja áhorfendum um hjartarætur með sögu af ógleymanlegri helgi í lífi fjölskyldu. Móðurina langar að deyja og aðrir meðlimir fjölskyldunnar verða að takast á við það. Að sonnum norrænum sið er flett ofan af öllum leyndarmálum í kvikmynd sem fjallar um eitthvert erfiðasta viðfangsefni nokkurrar fjölskyldu: að kveðja nákominn ættingja.

Fulltrúar dómnefndar: Per Juul Carlsen, Eva Novrup Redvall, Jakob Wendt Jensen

FINNLAND

Pau hafa flúið (He ovat paenneet)

Grípandi þroskasaga, spennandi vegamynd, fantasía í lyfjavímu og meira til! *Pau hafa flúið (He ovat paenneet)* eftir Jukka-Pekka Valkeapää daðrar við einkenni sígildra kvikmyndagreina til þess eins að þverbrjóta öll lögmál þeirra og umbreytast í tjáningarríkt og hömlulaust ævintýri sem ekki er ætlað börnum. Listileg myndataka og vönduð og margslungin tónlist auka enn á hið sterka, draumkennda andrúmsloft myndarinnar.

Fulltrúar dómnefndar: Jaana Puskala, Outi Heiskanen, Harri Römpötti

ÍSLAND

Fúsi

Fúsi eftir Dag Kára Pétursson er hjartnæm þroskasaga af ljúfum risa. Hér er á ferðinni mannleg saga þar sem innri átökum og óhefðbundnum þokka er lýst með meistaralegum blæbrigðum. Táknrænt samspil hins stóra og þess smáa miðlar algildum stefnum á borð við gæsku, gjafmildi og mannlega reisu.

Fulltrúar dómnefndar: Kristín Jóhannesdóttir, Björn Ægir Norðfjörð, Auður Ava Ólafsdóttir

NOREGUR

Mot naturen

Í *Mot naturen* beinir Ole Gievær sjónum að lífsstíl nútímafólks og sjálfi hins norræna nútímamanns. Persónuleg og áleitin rödd sögumannsins kallar fram röð áhrifamikilla svipmynda í andrúmslofti sem þrungið er minningum, draumum, vonum og tilfinningum. Gegnumgangandi er glettni sem rúmar í senn vandræðalegheit, skömm og sársauka.

Fulltrúar dómnefndar: Silje Riise Næss, Britt Sørensen, Kalle Løchen

SVÍÐJÓÐ

Gentlemen

Gentlemen er kræklótt frásögn þar sem tími og persónur eru jafn fljótandi og mörkin milli draums og ímyndunar. Ólíkum frásagnarmátum er fléttað haganlega saman og útkoman er einstaklega persónulegt, glettið og sjálfsrýnið verk.

Fulltrúar dómnefndar: Jannike Åhlund, Jon Asp, Kristina Börjeson

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015 – DANMÖRK

STILLE HJERTE

ÁGRIP

Prír ættliðir fjölskyldu koma saman til helgardvalar. Sanne og Heidi hafa horfst í augu við það að móðir þeirra, sem er langt leidd af sjúkdómi, vill deyja áður en heilsu hennar hrakar enn frekar. Eftir því sem liður á helgina eiga dæturnar þó sífellt erfiðara með að takast á við ákvörðun móður sinnar, auk þess sem gömul ágreiningsmál láta á sér kræla.

LEIKSTJÓRI – BILLE AUGUST

Bille August (1948) lauk námi í kvikmyndagerð frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 1973. Hann öðlaðist heimsfrægð fyrir myndina *Pelle sigurvegari* (1987), sem hlaut bæði gullpálmann í Cannes og Óskarsverðlaun í flokki erlendra mynda. Annan gullpálma hlaut August árið 1992 fyrir kvikmyndina *Den goda viljan*. Frá fyrri hluta 10. áratugarins hefur hann unnið jöfnum höndum að leikstjórn danskra mynda og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Á meðal helstu verka hans eru *Hús andanna* (*The House of the Spirits*, 1993), *Jerúsalem* (1996), *Bless, Bafana* (*Goodbye Bafana*, 2007) og *Stille hjerte*, sem hlaut Bodil-verðlaun danskra kvikmyndagagnrýnenda í fjórum flokkum, meðal annars sem besta myndin. Næsta mynd Augusts er *55 Steps*, sem er á ensku og skartar Helenu Bonham Carter og Veru Farmiga í aðalhlutverkum.

HANDRITSHÖFUNDUR – CHRISTIAN TORPE

Christian Torpe (1978) nam kvikmynda- og fjölmiðlafræði við Kaupmannahafnarháskóla og lærði handritaskrif hjá hinum gamalreyndu bandarísku handritshöfundum Nancy Steen og Fred Rubin. Fyrsta verkefni Torpes var sjónvarpsþáttaröðin *Maj & Charlie*. Hann sló svo í gegn sem höfundur sjónvarpsþáttanna *Rita*, en þriðja þáttaröðin er sýnd í dönsku sjónvarpi um þessar mundir. Hann er einnig höfundur gamanþáttaraðarinnar *Hjördis*, sem byggir á persónum úr *Ritu*. Sem stendur vinnur hann að tveimur nýjum þáttaröðum fyrir bandarísku fyrirtækin AMC og Warner Brothers. Af samstarfsverkefnum má nefna gamanmynd Hells Joof, *Sover Dolly på ryggen?*, og *Stille hjerte* eftir Bille August, sem hlaut Bodil-verðlaun 2015 fyrir besta handrit.

JESPER MORTHORST – FRAMLEIÐANDI

Jesper Morthorst (1977) útskrifaðist frá kvikmyndaháskólanum Super 16 árið 2006 og er með B.A.-gráðu í kvikmynda- og fjölmiðlafræði frá Kaupmannahafnarháskóla.

Hann hefur unnið fyrir Nimbus Film og Alphaville Pictures og starfar nú sem framleiðandi hjá SF Film Production. Undanfarinn áratug hefur hann framleitt yfir 20 kvikmyndir og þáttaraðir, svo sem verðlaunaheimildarmyndirnar *Afghan Muscles* eftir Andreas M. Dalsgaard, *Ønskebørn* eftir Birgitte Stærmose og sjónvarpsþáttaröðina *Rita*. *Stille hjerte* eftir Bille August var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í San Sebastian, þar sem Paprika Steen hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki. Sem stendur vinnur Morthorst að íslensku kvikmyndinni *Hjartasteinn* ásamt Guðmundi Arnari Guðmundssyni (*Whale Valley*).

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	Stille Hjerte
Leikstjóri	Bille August
Handritshöfundur	Christian Torpe
Framleiðandi	Jesper Morthorst
Framleiðslufyrirtæki	SF Film Production
Aðalleikarar	Ghita Nørby, Morten Grunwald, Paprika Steen, Danica Curcic, Pilou Asbæk

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015 – FINNLAND PAU Hafa flúið (He ovat paenneet)

ÁGRIP

Í myndinni er sögð saga tveggja táninga sem hafa einangrast frá umheiminum og leita stöðugt nýrra flóttaleiða frá samfélagi sem hefur snúið baki við þeim. Stúlkan er aðlaðandi og opinská en pilturinn er dulur og stamar. Leiðir þeirra liggja saman á betrunarheimili fyrir unglinga. Pilturinn verður yfir sig hrifinn af stúlkunni og henni reynist létt verk að fá hann til að strjúka með sér. Þau stela bíl og stinga af stað í ferðalag þrungið eiturlyfjum, kynlífi og endalausum flóttaleiðum.

LEIKSTJÓRI/HANDRITSHÖFUNDUR – J-P VALKEAPÄÄ

J-P Valkeapää (1977) hlaut fyrst alþjóðlega viðurkenningu sem teiknari og skopmyndateiknari. Hann gerði verðlaunastuttmyndirnar *Silmät kiinni ilman käsiä* (2000) og *Keinu* (2003) áður en hann hóf nám við námsbrautina Cannes Cinéfondation árið 2005, en þar vann hann handritið að frumraun sinni í fullri lengd, *Muukalainen*. Myndin var valin besta norræna myndin og hlaut einnig verðlaun fyrir bestu kvikmyndatöku á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg 2009. Önnur kvikmynd Valkeapää í fullri lengd, *Pau hafa flúið (He ovat paenneet)*, var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og hlaut fjögur Jussi-verðlaun í heimalandinu árið 2015, þar á meðal sem besta mynd og fyrir bestu leikstjórn.

HANDRITSHÖFUNDUR – PILVI PELTOLA

Pilvi Peltola á að baki langan starfsferil á sviði félagsmála, m.a. með fósturbörnum. Þá reynslu notfærði hún sér við skrif handritsins að *Pau hafa flúið*, sem hún skrifaði ásamt leikstjóranum J-P Valkeapää. *Pau hafa flúið* er fyrsta kvikmyndahandrit hennar.

FRAMLEIÐANDI – ALEKSI BARDY

Aleksi Bardy er stofnandi Helsinki-filmi, sem er eitt fremsta framleiðslufyrirtæki í Finnlandi. Hann hefur framleitt og/eða skrifað handrit að mörgum myndum sem hlotið hafa mikið lof og aðsókn í Finnlandi og jafnvel vakið alþjóðlega athygli, s.s. *Kielletty hedelmä*, *Napapiirin sankarit* og *Leijonasydän* eftir Dome Karukoski, *Käsky* eftir Aku Louhimies og myndirnar *Muukalainen* og *Pau hafa flúið* eftir J-P Valkeapää. Hann hefur einnig meðframleitt myndir, m.a. *Bekas* eftir Karzan Kader (Svíþjóð) og *Parked* eftir Darragh Byrne (Írland). Sem stendur starfar hann að frumraun Karukoskis á ensku, *Tom of Finland*, og næsta verkefni Valkeapääs, sem gengur undir vinnutitlinum *Mona* og fjallar um fólk sem finnur hjálpræði í sadómasókisma. Bardy er prófessor við kvikmyndaskólann Elo í Helsinki.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>He ovat paenneet</i>
Leikstjóri	J-P Valkeapää
Handritshöfundar	J-P Valkeapää, Pilvi Peltola
Framleiðandi	Aleksi Bardy
Framleiðslufyrirtæki	Helsinki-filmi Oy
Aðalleikarar	Teppo Manner, Roosa Söderholm, Petteri Pennilä, Pelle Heikkilä

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015 – ÍSLAND FÚSI

ÁGRIP

Fúsi er á fimmtugsaldri en skortir enn kjark til að stíga inn í heim hinna fullorðnu. Hann ráfar eins og svefngengill gegnum hversdaginn, þar sem rútína er lykilatriði. Þegar fjörug kona og átta ára gömul stúlka dúkka óvænt upp í tilveru Fúsa neyðist hann til að láta kylfu ráða kasti.

LEIKSTJÓRI/HANDRITSHÖFUNDUR – DAGUR KÁRI PÉTURSSON

Dagur Kári Pétursson er fæddur í Frakklandi árið 1973. Hann ólst upp á Íslandi og nam kvikmyndagerð í Danmörku. Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, *Nói Albinói* (2003), sló í gegn um allan heim og önnur mynd hans, *Voksne mennesker*, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í flokknum Un Certain Regard. Frumraun hans á ensku, *The Good Heart*, var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2010. *Fúsi* naut mikillar velgengni á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York árið 2015, en þar hlaut myndin verðlaun sem besta mynd, fyrir besta handrit og besta leikara í aðalhlutverki (Gunnar Jónsson) í flokknum World Competition. Dagur Kári starfar hjá Kvikmyndaskóla Danmerkur sem yfirmaður leikstjórnarbrautar. Hann er einnig tónlistarmaður og meðlimur í hljómsveitinni Slowblow.

FRAMLEIÐANDI – BALTASAR KORMÁKUR

Baltasar Kormákur (1966) er leikari, framleiðandi og leikstjóri sem hefur starfað í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi. Síðan hann leikstýrði frumraun sinni, *101 Reykjavík*, hefur hann smám saman fest sig í sessi á alþjóðavettvangi sem sérstæður og skapandi höfundur sem einnig er naskur á lögmál markaðarins. Baltasar hefur starfað bæði á Íslandi og í Hollywood. Fjórar kvikmynda hans hafa verið tilnefndar til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs: *Skroppið til himna* (2006), *Mýrin* (2007), *Brúðguminn* (2008) og *Djúpið* (2013). Meðal þeirra Hollywood-mynda hans sem notið hafa mestrar velgengni eru *Contraband* og *2 Guns*. Næsta kvikmynd hans, *Everest*, verður frumsýnd í Bandaríkjunum 18. september 2015. Meðal næstu verkefna Baltasars Kormáks á Íslandi er sjónvarpsþáttaröðin *Ófærð*, sem hann framleiðir fyrir fyrirtæki sitt RVK Studios.

FRAMLEIÐANDI – AGNES JOHANSEN

Áður en Agnes Johansen sneri sér að framleiðslu kvikmynda starfaði hún sem kynnrir sjónvarpsefnis fyrir börn og yfirmaður barnaefnisdeildar Stöðvar 2. Þau Baltasar Kormákur hafa átt í nánu samstarfi frá árinu 2003. Saman hafa þau framleitt átta kvikmyndir, svo sem *Stormviðri* eftir Sólveigu Anspach, *Mýrina* eftir Baltasar Kormák, *Djúpið* og *Reykjavík Rotterdam* eftir Óskar Jónasson. Sem stendur starfar Agnes að fyrstu kvikmynd Barkar Sigpórssonar, *Mules*.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Fúsi</i>
Leikstjóri/handritshöfundur	Dagur Kári Pétursson
Framleiðendur	Baltasar Kormákur, Agnes Johansen
Framleiðslufyrirtæki	RVK Studios
Aðalleikarar	Gunnar Jónsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Sigurjón Kjartansson

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015 – NOREGUR MOT NATUREN

ÁGRIP

Mot naturen er ferðalag um hugarfylgsni aðalpersónunnar, Martins, og þaðan út í óbeislaða náttúruna. Martin er einn á fjallgöngu og allar hugsanir og hreinskilnislega óvægnar vangaveltur hans um sjálfan sig og sína nánustu renna óritskoðaðar til áheyrenda. Hugsanir hans og draumórar spanna allt frá ómerkilegum barnaskap til djúpra tilvistarpælinga. Þetta er saga ungs manns sem langar að fara ótroðnar slóðir.

LEIKSTJÓRI/HANDRITSHÖFUNDUR – OLE GIÆVER

Ole Giæver (1977) er útskrifaður frá lista- og kvikmyndaháskólanum Nordland og Konstfack í Stokkhólmi. Stuttmynd hans *Tommy* var tilnefnd til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna árið 2007. Fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem hann leikstýrði og skrifaði handrit að, *Fjellet*, var valin til sýningar á Panorama-hátíðina í Berlín 2011. Næsta mynd hans, *Mot naturen*, var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto 2014 og sýnd á Panorama-hátíðinni í Berlín 2015, þar sem hún hlaut Evrópsku kvikmyndahúsaverðlaunin. Næsta verkefni Giævers er gamandramað *Fra balkongen*.

FRAMLEIÐANDI – MARIA EKERHOVD

Maria Ekerhovd hefur starfað við kvikmyndir frá útskrift sinni í fjölmiðlaframleiðslu frá vísinda- og tækniháskólanum í Noregi árið 1999. Ekerhovd framleiddi stuttmyndina *Sniffer* eftir Bobbie Peers, sem hlaut gullpálmann í Cannes 2006. 2009 framleiddi hún myndirnar *Jernanger* og *Vegas* og árið eftir stofnsetti hún fyrirtæki sitt, Mer Film. Meðal helstu leikstjóra sem tengjast fyrirtækinu má nefna Ole Giæver (*Mot naturen*), Iram Haq, Gunnar Vikene og Bobbie Peers. Ekerhovd vinnur sem stendur að nýrri mynd eftir Giæver, *Fra balkongen*, og spennumynd Haq, *What Will People Say*. Hún var meðframleiðandi sænsku kvikmyndarinnar *The Quiet Roar*, alþjóðlegrar heimildarmyndar að nafni *Cathedrals of Culture* og *Everything Will be Fine* eftir Wim Wenders.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Mot naturen</i>
Leikstjóri	Ole Giæver
Handritshöfundur	Ole Giæver
Framleiðandi	Maria Ekerhovd
Framleiðslufyrirtæki	Mer Film
Aðalleikarar	Ole Giæver, Marte Magnusdotter Solem, Sivert Giæver Solem

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015 – SVÍÐJÓÐ GENTLEMEN

ÁGRIP

Klas Östergren er ungur rithöfundur á skjön við umheiminn. Úr öruggu skjóli íbúðar sinnar í Stokkhólmi segir hann sögu fyrrum sambýlinga sinna, sem hann hefur nú fjarlægst. Einn þeirra er hóglífismaðurinn Henry Morgan, hnefaleikakappi og snillingur í djasspíanóleik sem á sér leyndarmál: hann er þjakaður af ástarþrá eftir dularfullri ástkonu sinni. Ekki má gleyma Leo, bróður Henrys, sem er pólitískur æsingamaður, skáld, drykkjurútur. Leo er ekki fyrr stiginn fram á sjónarsviðið en hann kemur hinum í vandræði, sem stafa af vopnasölubraski hans við glæpagengi.

LEIKSTJÓRI – MIKAEL MARCIMAIN

Mikael Marcimain (1970) hóf feril sinn sem aðstoðarleikstjóri hjá SVT og hafði brátt skapað sér nafn með sjónvarpsþáttaröðunum *Lasermannen* (2005) og *Upp till kamp*, sem hlaut Prix Italia-verðlaunin árið 2008. Frumraun hans í fullri lengd, *Call Girl*, vann FIPRESCI Discovery Award á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto árið 2012. Önnur kvikmynd hans, *Gentlemen*, sem byggð er á metsöluskáldsögu eftir Klas Östergren, hlaut Guldbagge-kvikmyndaverðlaun í þremur flokkum. Marcimain er einnig meðal helstu auglýsingaleikstjóra á Norðurlöndum. Hann hefur leikstýrt alþjóðlegum herferðum fyrir fyrirtæki á borð við Ericsson, IKEA og Danske Bank.

HANDRITSHÖFUNDUR – KLAS ÖSTERGREN

Klas Östergren (1955) hefur skrifað fjölda bóka, þ.á.m. tímamótaskáldsöguna *Gentlemen* (1981) og framhald hennar, *Gangsters* (2005). Östergren hefur verið í fremstu fylkingu sænsku bókmenntasenuinnar í hartnær þrjá áratugi og hlotið bæði Piratenpriset og Doblougska-verðlaunin, sem veitt eru af Sænsku akademíunni. Ennfremur er hann stofnandi rokksveitarinnar Fullersta Revolutionary Orchestra og hefur starfað sem þýðandi, leikskáld og handritshöfundur kvikmynda og sjónvarpsþátta. Ásamt Lisu Ohlin skrifaði hann handrit að kvikmynd hennar *Veranda för en tenor* og að kvikmynd Mikael Håfström, *Ondskan*, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki erlendra mynda.

FRAMLEIÐANDI – FREDRIK HEINIG

Fredrik Heinig (1970) hefur 15 ára reynslu af framleiðslu auglýsinga, kvikmynda og sjónvarpsþátta. Hann er stofnandi fyrirtækisins B-Reel, sem var útnefnt besta framleiðslufyrirtæki heims árið 2011 af tímaritinu AD Age. Í samstarfi við Johan Kling hefur hann m.a. framleitt þáttaröðina *Stockholmare* og kvikmyndina *Darling*, sem hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2007. Heimildarmyndin *Palme* eftir Kristínu Lindström og Maud Nycander varð tekjuhæsta sænska heimildarmyndin í sænskum kvikmyndahúsum í meira en 30 ár þegar hún var sýnd 2012. Kvikmyndin *Gentlemen*, sem leikstýrt er af Mikael Marcimain, var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu

kvikmyndahátíðinni í Toronto árið 2014. Meðal næstu verkefna Heinigs má nefna *Den allvarsamma leken* eftir Pernillu August, sem verður frumsýnd haustið 2016.

FRAMLEIÐANDI – MATTIAS NOHRBORG

Mattias Nohrborg (1959) er meðal helstu nafna í sænskri kvikmyndagerð, en fyrirtæki hans Triangelfilm og síðar Triart hefur framleitt og séð um dreifingu á ýmsum listrænum myndum í meira en þrjá áratugi. Hann hefur starfað fyrir B-Reel frá árinu 2009 og m.a. framleitt heimildarmyndirnar *Palme*, *Foodies* og *Fanny, Alexander & jag* og kvikmyndina *Gentlemen*. Meðal næstu verkefna hans má nefna heimildarmynd Kristians Petri, *Hotellet*, og *Bergman* eftir Jane Magnusson..

FRAMLEIÐANDI – JOHANNES ÅHLUND

Johannes Åhlund er meðstofnandi B-Reel og rekstrarstjóri fyrirtækisins í Evrópu. Åhlund nam stjórn málafræði við Stokkhólmsháskóla áður en hann hóf feril sinn í sjónvarpi, fyrst sem fréttamaður og fréttastjóri og síðar sem framleiðandi. Á árunum 1998 til 2005 framleiddi hann um 40 sjónvarpsmyndir og -þáttaraðir, svo sem stuttseríuna *Spacer* eftir Johan Kling árið 2002. Hann framleiddi einnig spennumyndina *Önd tro* eftir Kristian Petri, sem var frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto 2009. Hann var meðframleiðandi norsku kvikmyndarinnar *Kongen av Bastøy* (2010) og nú síðast *Gentlemen* eftir Mikael Marcimain (2014).

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Gentlemen</i>
Leikstjóri	Mikael Marcimain
Handritshöfundur	Klas Östergren
Framleiðandi	Fredrik Heinig, Mattias Nohrborg, Johannes Åhlund
Framleiðslufyrirtæki	B-Reel
Aðalhlutverk	David Dencik, Ruth Vega Fernandez, Sverrir Guðnason